STAÐARBJARGAVÍK, HOFSÓSI, TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI

SKÝRINGAR:

- Afmörkun skipulagssvæðis
- Göngustígur
- Tröppur
- Vatnsveitulögn, niðurgrafin
- Hæðalínur 1 m
- Útsýnisstaður
- Afmörkun hverfisverndar skv. aðalskipulagi
- Stoðveggur
- Afmörkun útsýnisstaða á á stuðlabergsyfirborði. Heimilt hreinsa jarðveg af yfirborði

Staðsetning mannvirkja sem sýnd eru innan skipulagssvæðis er leiðbeinandi. Heimilt er að hliðra mannvirkjum, þ.e. stígum, útsýnisstöðum og stoðvegg, við hönnun og í framkvæmdum svo þau falli betur að landslagi.



AÐALSKIPULAG SKAGAFJARÐAR 2020-2035
ÞÉTTBÝLISUPPDRÁTTUR HOFSÓSS, mkv. 1:10.000

Deiliskipulag þetta, sem hefur verið auglýst skv. ákvæði 41. gr. skipulagslaga nr. 123 / 2010 var samþykkt í skipulagsnefnd Skagafjarðar

þann _____ 20____ og

í sveitarstjórn þann _____ 20____

Tillagan var auglýst frá _____ 20____ með

athugasemdarfresti til _____ 20____.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20____.

_____

Skipulagsfulltrúi Skagafjarðar

GREINARGERÐ

Þann 15.11.2023 samþykkti sveitarstjórn Skagafjarðar bókun skipulagsnefndar, dags. 26.10.2023, um heimild framkvæmdaraðila til að láta vinna deiliskipulag skv. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þann 08.02.2024 var skipulagslýsing lögð fyrir skipulagsnefnd sem lagði til við sveitarstjórn að samþykkja lýsinguna og að hún fengi meðferð skv. 3. mgr. 40. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010. Sveitarstjórn samþykkti bókun skipulagsnefndar þann 21.2.2024.

Skipulagslýsing var auglýst frá 28. febrúar 2024 til og með 22. mars 2024. Alls bárust 4 umsagnir á umsagnartíma sem hafðar voru til hliðsjónar við vinnslu deiliskipulagstillögunnar.

1 Forsendur, staða skipulags og markmið

1.1 Afmörkun skipulagssvæðis og staðhættir

Afmörkun skipulagssvæðisins er sýnd á skipulagsuppdrætti hér að ofan. Svæðið af Suðurbraut og Suðurbraut 18 að norðan, beinni línu á milli Suðurbrautar og sjávar að austan, strandlínu að sunnanverðu og línu frá sjó að Suðurbraut 18 að vestan. Afmörkun svæðisins er unnin með hliðsjón af gögnum á hugmyndastigi varðandi fyrirhugaðar framkvæmdir. Svæðið er um 13.164 m² að stærð.

Svæðið er að mestu leyti grasi gróin brekka sem nær frá Suðurbraut og Suðurbraut 18 til sjávar. Nyrst og efst er svæðið í um 25 m hæð yfir sjó en lækkar til suðvesturs niður í sjávarmál. Sunnarlega, fyrir miðju svæði, eru stuðlabergsmyndanir sem eru að hluta til sýnilegar. Frá bílastæðunum á Suðurbraut 18 er gönguleið niður brekkuna að stuðlaberginu sem þar er. Eitt af viðfangsefnum skipulagsins er að skapa grundvöll til að bæta gönguleiðina og gera hana öruggari.

1.2 Landsskipulagsstefna 2015-2026

Leiðarljós landskipulagsstefnu 2015-2026 voru höfð til hliðsjónar við skipulagsvinnuna. Deiliskipulagið styður við ákvæði í 3.3.1 kafla landskipulagsstefnu um að hvetja til útveru og hreyfingar ásamt því að styrkja atvinnulíf á svæðinu líkt og fjallað er um í kafla 3.4.

1.3 Aðalskipulag

Skipulagssvæðið fellur innan opins svæðis nr. OP-603 en einnig hverfisverndarsvæðis nr. HV.-602.

Í töflum í greinargerð aðalskipulags segir um þessi svæði:

Nr.	Staður	Stærð [ha]	Lýsing
OP-603	Strandlengjan frá Grafará að Hofsá	10	Hverfisvernd
HV-602	Staðarbjargavík	5,1	Stuðlabergsklettar í Staðarbjargavík

Um OP-603 segir:

„Einnig eru skilgreind opin svæði, sem nýtast til útvistar, þar sem lögð er áhersla á náttúrulega framvindu vistgerða. Almennt er ekki gert ráð fyrir mannvirkjagerð, en heimild er fyrir gerð stíga sem tengjast útvist svæðisins. Slík svæði innan þéttbýlismarka Hofsóss eru m.a. hvammar og árbakkar meðfram Hofsá og Grafará."

Um hverfisverndarsvæði segir:

„Hverfisvernd verði á stuðlabergsklettum í Staðarbjargavík, brekkunum við hana og fjörunni frá Naustavík suður undir athafnasvæði við fiskverkunarhús. Innan svæðanna eru heimilar minniháttar framkvæmdir á forsendum útvistar, til dæmis stígagerð, enda skerði það ekki gildi hverfisverndarsvæðanna."

Uppbygging sem skipulagið gerir ráð fyrir verða í samræmi við stefnumörkun aðalskipulags.

1.4 Deiliskipulag

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið.

1.5 Veitur

Inn á svæðið liggur 50 mm vatnslögn frá suðurbraut að drykkjarbrunni sem er við bílastæðin á Suðurbraut 18. Skipulagið gerir ekki ráð fyrir mannvirkjum sem kalla á tilfærslu lagnarinnar.

Ekki eru aðrar lagnir á svæðinu.

1.6 Minjavernd

Eins og fram hefur komið er skipulagssvæðið innan hverfisverndar og ákvæði sem gilda varðandi umfang framkvæmda.

Þá liggur fyrir skýrsla Byggðasafns Skagfirðinga frá 2001, Grafarós og Hofsós – Fornleifaskráning, unnin af Katrínu Gunnarsdóttur. Ein minjaskráning er innan skipulagssvæðisins:

- nr. 12 – Álagablettur/náttúruminjar.

Um þessar minjar sagði Björn í Bæ á Höfðaströnd árið 1980:

„Áður varð því trúað, að í þessum hamri væri sýslumannssetur álfa. Því til sönnunar er saga sú sem hér fer á eftir; Á fyrri tíð þegar aðalverslun Skagfirðinga var í Hofsósi og Grafarósi komu skip af hafi og sigldu inn fjörðinn. Stundum voru skipin þrjú og þegar það var, hvarf skipið sem á undan var fyrir framan stuðlabergshamarinn, en hin skipin hurfu ekki, en komu hvort á sinn stað Hofsós og Grafarós. Þessa sögu sagði mér Pálmi Rögnvaldsson í Hofsósi fyrir tveimur árum."

Álagablettur þessi er ekki hnitsettur í skýrslunni en skv. myndkorti sem er fylgiskjal fornleifaskráningar nr. 3 er þessi klettur við suðausturhorn skipulagssvæðis. Ekki er gert ráð fyrir neinum framkvæmdum í nágrenni við þennan hluta skipulagssvæðis sem gætu sett Álagablett þennan í hættu.

Í umsögn Minjastofnunar er gerð tillaga um að nýta heimild um álfabyggð til kynningar. Fjallað er nánar um útfærslu undir kafla 2.

Ef áður óþekktar minjar koma í ljós við framkvæmdir skal fara eftir ákvæðum 24. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar.

1.7 Náttúruvá

Ekki eru þekktar náttúruvár á svæðinu eða sem ná til svæðsins. Þó er mikill bratti á svæðinu sem getur skapað hættu en viðfangsefni skipulagsins er að setja skilmála sem auka öryggi vegfarenda.

1.8 Umhverfisáhrif

Deiliskipulagið hefur það að markmiði að taka tillit til umhverfissjónarmiða og stuðla að jákvæðum áhrifum á umhverfi eins og kostur er. Áformaðar framkvæmdir innan skipulagssvæðisins eru ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif samanber 1. viðauka laga nr. 111/2021 um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana. Deiliskipulagið fellur því ekki undir lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Umhverfismat skv. 5.4.1. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 er hluti af skipulagsvinnunni og er til umfjöllunar í *kafla 3 Umhverfisskýrsla.* Umhverfispættir sem metnir verða eru félagslegir- og efnahagslegir þættir, landslag, náttúrufar, heilsa og öryggi og minjar. Þættirnir verða bornir saman við núllkost, sem er þróun án uppbyggingar sem skipulagið gerir ráð fyrir. Einkenni umhverfisáhrifa sem notast er við eru jákvæð áhrif, neikvæð, óveruleg og óljós.

1.9 Tengsl við aðrar áætlanir

Ekki eru tengsl við aðrar áætlanir.

1.10 Markmið, umsagnaraðilar og kynning

Markmið deiliskipulags eru að:

- Gera grein fyrir og skapa forsendur fyrir uppbyggingu svæðisins þannig að nýting þess verði örugg og landrask til lengri tíma verði lágmarkað.

Umsagnaraðilar eru, sbr. skipulagslýsingu eru:

- Skipulagsstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra
- Umhverfisstofnun
- Náttúrufræðistofnun Íslands

Tillaga að deiliskipulagi verður auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Auglýsing birtist í blöðum og á vef sveitarfélagsins. Skipulagsgögn verða aðgengileg í Ráðhúsi Skagafjarðar að Skagfirðingabraut 21, 550 Sauðárkróki á opnunartíma og á vef sveitarfélagsins, www.skagafjordur.is og á vef Skipulagsgáttar, www.skipulagsgatt.is. Með því gefst umsagnaraðilum og öðrum, sem telja sig eiga hagsmuni að gæta, kostur á að yfirfara tillöguna og leggja fram ábendingar. Leggja skal fram umsagnir á vef skipulagsgáttar með því að smella á málið og velja „Bæta við umsögn". Að öðrum kosti er möguleiki að senda ábendingar í tölvupósti á netfangið skipulagsfulltrui@skagafjordur.is.

2 Deiliskipulag

2.1 Skipulagsuppdráttur

Skipulagsuppdráttur nr. DS-01 sýnir fyrirhugaða uppbyggingu innan skipulagssvæðisins. Uppdrátturinn sýnir leiðbeinandi staðsetningu göngustíga, útsýnispalla og útsýnisstaði.

2.2 Almennt

Við hönnun mannvirkja og við framkvæmdir sem gert er ráð fyrir í deiliskipulaginu skal lögð áhersla á að tryggja öryggi vegfarenda. Gæta þarf þess að mannvirki séu þess eðlis að áhrif sjávarseltu rýri ekki ásýnd svæðisins. Mannvirki skulu falla vel að umhverfi. Gera skal nánari grein fyrir efnisvali í umsókn um framkvæmdaleyfi. Staðsetning göngustíga, útsýnisstaða og stoðveggjar er leiðbeinandi þannig að heimilt er að hliðra þessum mannvirkjum til að bæta öryggi, vernda landslag eða náttúru- eða menningarminjar eða til að ná betur fram þeirri upplifun sem svæðið býður uppá.

Ekki er gert ráð fyrir byggingum innan skipulagssvæðisins sem kalla á byggingarreiti eða skilgreiningu nýtingarhlutfalls.

2.3 Aðkoma

Ekki er gert ráð fyrir nýjum vegtengingum við vegi eða götur. Aðkoma inn á svæðið um gönguleið af Suðurbraut og þá verður einnig hægt að ganga inn á svæðið frá bílastæðum á Suðurbraut 18. Gert er ráð fyrir að gestir svæðisins noti bílastæði norðan við Suðurbraut. Gangbraut yfir Suðurbraut er sýnd á skipulagsuppdrætti.

Heimilt er að setja upplýsingaskilti við aðkomu inn á svæðið þar sem gerð er grein fyrir hættu sem getur skapast við tilheyrandi aðstæður og þar sem fólk verður varað við því að fara of nærri brúnum.

2.4 Gönguleiðir

Leiðbeinandi staðsetning gönguleiða er sýnd á skipulagsuppdrætti. Þó skulu gönguleiðir, þar sem gengið er inn á svæðið, vera eins og á skipulagsuppdrætti til að halda samræmi og tengingu við aðliggjandi svæði, t.d. gangbraut yfir Suðurbraut. Göngustíga er heimilt að malbika, hellulegga, leggja með stálgrindum á steyptar undirstöður eða nota annað efni sem algengt er fyrir göngustíga á landinu. Breidd göngustíga má vera allt að 4 m. Heimilt er að setja tröppur þar sem landhalli er of mikill fyrir göngustíg. Lengd og staðsetning trappa á skipulagsuppdrætti er leiðbeinandi. Heimilt er að setja handrið við göngustíga og æskilegt þar sem stígar eru við mikinn bratta og við tröppur. Göngustígar og handrið skulu falla vel að umhverfi og ekki skera sig úr því landslagi sem þau eiga að falla inn í. Þó skulu þessi mannvirki vera þannig að ekki fari á milli mála hvar gönguleiðir liggja svo svæði utan stíganna verði ekki fyrir raski af gestum og gangandi. Heimilt er að setja lýsingu á gönguleiðir.

Gera skal frekari grein fyrir staðsetningu og efnisvali göngustíga og handriða við umsókn um framkvæmdaleyfi.

2.5 Útsýnisstaðir

Útsýnisstaðir eru merktir á skipulagsuppdrætti, merktir Ú1, Ú2, Ú3, Ú4 og Ú5.

2.5.1 Útsýnisstaðir 1, 2 og 4

Staðsetning útsýnisstaða sem eru merktir Ú1, Ú2 og Ú4 er leiðbeinandi á skipulagsuppdrætti og heimilt er að hliðra þeim í hönnun eða framkvæmd til að koma til móts við forsendur sem fjallað er um í kafla 2.2. Heimilt er að lyfta útsýnispöllum frá yfirborði eins og þarf til að aðgengi sé gott, t.d. ef þeir eru í miklu bratta. Við efnisval á pöllum og handriðum skal leggja áherslu á að mannvirki falli vel að umhverfi og náttúru en stuðli jafnframt að öryggi vegfarenda. Gera skal grein fyrir efnisvali og útfærslu í umsókn um framkvæmdaleyfi.

Heimilt er að setja upplýsingaskilti á útsýnisstaði þar sem æskilegt er að gerð sé skýr grein fyrir því ef aðstæður geta orðið varasamar.

2.5.2 Ú3 og Ú5

Útsýnisstaðir nr. 3 og 5 verða með náttúrulegt yfirborð. Afmarka skal Ú3 með grindverki, girðingu eða öðru samþærilegu mannvirki og skal það vera 1-2 m frá stuðlabergs brún. Heimilt er að hafa það lengra frá brúninni ef það hentar betur. Mannvirkið skal falla vel að umhverfi en um leið vera skýr afmörkun svæðisins og stuðla að öryggi vegfarenda.

Heimilt er að hreinsa jarðveg ofan af stuðlabergi á Ú3 en skal það gert þannig að stuðlabergið verði ekki fyrir skemmdum. Heimilt er að nýta efnið, sem hreinsað verður, á staðnum, t.d. í stoðvegg, en afgangsefni skal annars fjarlægja.

Ekki er gert ráð fyrir breytingu á yfirborði á Ú5.

2.6 Jarðrask

Ekki er gert ráð fyrir miklu jarðraski við framkvæmdir sem skipulagið fjallar um, fyrir utan hreinsun jarðvegs af stuðlabergsyfirborði á útsýnisstað nr. 3. Fjallað er um það í kafla 2.5.2 hér að ofan. Óumflýjanlega verður eitthvað jarðrask þar sem útsýnispallar verða festir niður, t.d. Ú2, eða þar sem tröppum verður komið fyrir. Við framkvæmdir skal leggja áherslu á snyrtilegan frágang og að jarðrask einskorðist við svæði sem fara undir stíga og manngerða útsýnisstaði.

2.7 Veitur

Ekki er gert ráð fyrir nýjum lagnaleiðum í skipulaginu.

3 Umhverfisskýrsla

Tillaga þessi að deiliskipulagi gerir ekki ráð fyrir framkvæmdum sem falla undir 1. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Samkvæmt 5.4.1. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 er lagt mat á líkleg áhrif tillögunnar á umhverfið. Umhverfisþættir sem metnir verða eru félags- og efnahagsleg áhrif, landslag, náttúrufar, heilsa og öryggi og náttúru- og menningarminjar. Við greiningu hugsanlegra umhverfisáhrifa er notast við hugtök sem skilgreind eru í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi áhrifa, jákvæð áhrif, neikvæð áhrif, óveruleg eða óljós. Áhrifin eru metin með því að bera saman áhrif skipulagsins við áhrif núllkosts, sem er notkun og þróun svæðisins miðað við núverandi stöðu.

3.1 Félagsleg og efnahagsleg áhrif

Með uppbyggingu sem skipulagið gerir ráð fyrir er verið að gera eina af náttúruperlum Skagafjarðar aðgengilegri. Töluverð eftirspurn hefur verið eftir því að skoða stuðlabergið í Staðarbjargavík og eftirspurn gæti aukist með því að gera svæðið aðgengilegra og meira aðlaðandi með betri stígum og tröppum. Með óbreyttu ástandi er hætt við að gönguleiðir versni og gestir eigi erfiðara um vik að komast um. Áhrif skipulagsins á félagslega og efnahagslega þætti eru metin jákvæð.

Heimilt er að hreinsa jarðveg ofan af stuðlabergi á Ú3 en skal það gert þannig að stuðlabergið verði ekki fyrir skemmdum. Heimilt er að nýta efnið, sem hreinsað verður, á staðnum, t.d. í stoðvegg, en afgangsefni skal annars fjarlægja.

Ekki er gert ráð fyrir breytingu á yfirborði á Ú5.

3.2 Landslag

Röskun á núverandi landslagi verður í lágmarki. Núverandi gönguleið niður að stuðlabergi verður grædd upp og ný gönguleið kemur í hennar stað. Skipulagsskilmálar kveða á um að nýjar gönguleiðir skuli falla vel að umhverfi og landslagi. Þá hefur jarðvegur og gróður lagst yfir hluta stuðlabergsins á Ú3 og er gert ráð fyrir að hreinsa það burt svo bergið verði sjáanlegt. Áhrif skipulagsins á landslag eru því metin jákvæð.

3.3 Náttúrufar

Skipulagið gerir ekki ráð meiriháttar raski á gróðri fyrir utan hreinsun jarðvegs af stuðlabergsinu undir Ú3. Helsta raskið á gróðri verður þar sem göngueiðir og útsýnisstaðir verða lagðir á yfirborð en þau svæði spanna lágt hlutfall af heildarstærð skipulagssvæðis. Meiri hluti gróðurs verður óraskaður. Þá verða markaðar göngueiðir um svæðið sem lágmarkar áhrif gangandi vegfarenda á gróður annars staðar á svæðinu. Stefnumörkun skipulagsins hefur ekki áhrif á vatnafar eða veðurfar. Áhrif skipulagsins á náttúrufar eru metin jákvæð.

3.4 Heilsa og öryggi

Stefnumörkun skipulagsins felur í sér uppbyggingu göngueiða um svæði sem hefur að geyma náttúrufyrirbæri sem þótt hefur eftirsóknarvert að sjá. Með uppbyggingunni má gera ráð fyrir að fólk auki komur sínar á svæðið. Skipulagið setur skilmála um að öryggi fólks sé í fyrirúmi við útfærslu göngueiða og útsýnisstaða og munu göngueiðir um svæðið verða öruggari en nú er. Áhrif skipulagsins á heilsu og öryggi eru metin jákvæð.

3.5 Náttúru- og menningarminjar

Skipulagssvæðið liggur á hluta hverfisverndarsvæði nr. HV-602 í aðalskipulagi Skagafjarðar en stuðlabergið í Staðarbjargavík er ástæða þeirrar hverfisverndar. Þá eru sögur um álagablett í sjávarmáli, suðaustast á svæðinu. Skipulagið gerir ekki ráð fyrir raski á stuðlabergsklettum og setur skilmála um að framkvæmdum skuli hagað þannig að þeir verði ekki fyrir skemmdum. Þá skapast forsendur til að setja upplýsingar um álagablettinn á skilti svo almenningur getir fræðst um þær minjar. Áhrif skipulagsins á náttúru- og menningarminjar eru metin jákvæð.

3.6 Samantekt

Sú uppbygging sem fjallað er um í þessu skipulagi mun heilt yfir hafa jákvæð umhverfisáhrif. Stefnumörkunin styrkir svæðið sem skipulagssvæðið nær til félagslega, ásýnd landslags mun batna með meiri sýnileika stuðlabergs, skilgreindar og merktar gönguleiðir munu halda fólki frá því að traðka á gróðri og þá skapar það aðstæður fyrir aukna útivist. Ein helsta stefnumörkun skipulagsins er að tryggja öryggi vegfarenda sem vilja bera stuðlabergið augum. Áhrif skipulagsins eru jákvæð, samanborið við núllkost.

STOÐ ehf
VERKFRÆÐISTOFA
Aðalgötu 21, 550 Sauðárkróki
Sími: 455 6050
Tölvupóstur: stod@stodehf.is

TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI

Dags.	STAÐARBJARGAVÍK Á HOFSÓSI, SKAGAFIRÐI Tillaga að deiliskipulagi	Útgáfa	Verknr.
24.04.2024		1.0	75815003
Dags. br.	Teiknað	Kvarði	Blaðst.	Uppdráttur nr.
--	BMÁ	1:500 1:10.000	A1	DS01

Skrá: 56295303DSK Staðarbjargavík DS01.dgn